



## Fundargerð hreppsnefndar 22. janúar 2015

Fundur nr. 14 kjörtímabilið 2014 – 2018

Fundur í sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps haldinn fimmtudaginn 22. janúar 2015 í félagsheimilinu Miklagarði kl. 16:00.

Mætt til fundar: Eyjólfur Sigurðsson, Sigríður Elva Konráðsdóttir, Friðrik Óli Atlason, Bárður Jónasson, Hrund Snorradóttir, Magnús Þór Róbertsson og Guðrún Hildur Gunnarsdóttir..

Einnig sátu fundinn Ólafur Áki Ragnarsson sveitarstjóri og Magnús Már Þorvaldsson, sem ritaði fundargerð.

### Dagskrá

#### 1. Fundargerðir:

a) Skipulags- og umhverfisnefndar dags. 6. janúar 2015  
Fundargerðin samhljóða samþykkt.

b) Bókun Guðrúnar Hildar Gunnarsdóttur vegna fundargerðar atvinnu- og ferðamánefndar frá 12. desember 2014. Bókunin er svofelld:  
Að betur athuguðu máli hefði atkvæði mitt, varðandi úthlutun á byggðakvóta á fundi hreppsnefndar þann 12. desember 2014, átt að fara á annan veg. Þetta var minn annar fundur og ber ég fyrir mig reynsluleysi. Þessi mistök geri ég ekki aftur.

#### 2. Almenn mál:

##### a) Bréf frá Fjármálaeftirlitinu

Erindi um skil á innherjalistum til FME. Sveitarstjóri gerði grein fyrir málinu og síðan lögð fram svofelld tillaga um regluvörð fyrir Vopnafjarðarhrepp til að halda utan um skil á upplýsingum til FME: „Tillaga að Ólafur Áki Ragnarsson sveitarstjóri Vopnafjarðarhrepps verði í hlutverki regluvarðar sveitarfélagsins. Til vara Ellert Árnason, skrifstofustjóri“.  
Tillagan samhljóða samþykkt.

##### b) Bréf frá Sambandi sveitarfélaga á Austurlandi

SSA óskar eftir tilnefningum Vopnafjarðarhrepps varðandi gerð nýrrar sóknaráætlunar fyrir landshlutann. Um er að ræða 6 málaflokka og lagði sveitarstjóri fram eftirfarandi tillögu:

Atvinnulíf: Magnús Þór Róbertsson

Menning: Magnús Már Þorvaldsson

Nýsköpun/skapandi greinar: Kári Gautason

Rannsóknir: Berghildur Fanney Hauksdóttir

Menntun: Sigríður Elva Konráðsdóttir

Annað: Sigríður Bragadóttir

Hrund Snorradóttir lagði fram breytingartillögu:

Menning: Sigríður Dóra Sverrisdóttir

Rannsóknir: Ólafur B. Valgeirsson

Bárður Jónasson lagði fram eftirfarandi tillögu:

Gerir að tillögu að þessu máli, Almenn mál, liður b. verði frestað vegna misvísandi upplýsinga um málið.

Tillagan borin upp. Með tillögunni eru Bárður, Hrund og Magnús Þór. Á móti Eyjólfur, Friðrik Óli og Sigríður Elva. Hjá sat Guðrún Hildur. Tillagan fellur á jöfnu.

Borin upp tillaga vegna breytingu á fulltrúa menningar: Samþykkt eru Bárður og Hrund. Á móti Eyjólfur, Sigríður Elva, Guðrún Hildur og Friðrik Óli. Magnús Þór sat hjá.

Borin upp tillaga vegna breytingu á fulltrúa rannsókna: Samþykkt eru Bárður og Hrund. Á móti Eyjólfur, Sigríður Elva, Guðrún Hildur og Friðrik Óli. Magnús Þór sat hjá.

Tillaga sveitarstjóra síðan borin upp til atkvæða. Samþykkt með 5 atkvæðum Eyjólf, Friðriks Óla, Sigríðar Elvu, Guðrúnar Hildar og Magnúsar Þórs. Hrund og Bárður sátu hjá.

c) Erindi frá fulltrúum Framsóknarfélagsins og óháðra

Erindi, dags. 18. janúar 2015, og varðar fyrirspurn fulltrúa Framsóknarfélagsins í 8 liðum um starf ferðamálafulltrúa sveitarfélagsins.

14. nóvember sl. sendu undirrituð fyrirspurn til meirihluta hreppsnefndar um stöðu ferðamálafulltrúa Vopnafjarðarhrepps. Þá var svarið, eins og oddviti orðaði það á fundi „Málið er í vinnslu“. Nú virðist vera, þó sveitarstjórn hafi ekki verið upplýst um það, að búið sé að ráða í umrætt starf. Því viljum við fá svör við eftirfarandi spurningum.

1. Var starfið auglýst? Ef ekki, hvers vegna?
2. Hverjir tóku ákvörðun um ráðningu ferðamálafulltrúa?
3. Er ráðningarsamningur ótímabundinn eða tímabundinn, eða er um verkefnaráðningu að ræða?
4. Upphaflegi samningurinn var tímabundinn til tveggja ára, til stóð að hreppsnefnd myndi endurskoða starfið að þeim tíma liðnum. Árin tvö verða liðin í mars 2015, stendur til að endurskoða starfið eða er það jafnvel búið?
5. Hver eru ráðningarkjör ferðamálafulltrúans?
6. Hverjar eru verklýsingar starfsmannsins?
7. Hvaða afurðum á starfið að skila?
8. Nú var upphaflega ráðið í starfið til að vinna að stefnumótun um ferðamál í Vopnafirði, hvenær er von á þeirri stefnumótun?

Bárður Jónasson,  
Hrund Snorradóttir,  
Magnús Þór Róbertsson

Friðrik Óli las upp svör við erindi fulltrúa Framsóknarfélagsins, sem eru í 8 liðum:

1. Starf var ekki auglýst þar eð um tímabundna ráðningu er að ræða og upptöku á fyrri samningi.
2. Meirihluti hreppsnefndar.
3. Samningurinn er tímabundinn og gildir til 31. desember 2015.
4. Stjórnsýsla sveitarfélagsins er í endurskoðun og er sérstakur starfshópur á vegum sveitarstjórnar að sinna þeirri vinnu.
5. Samkvæmt ráðningarsamningi sem kynntur var á fundi hreppsnefndar 22. janúar 2015.
6. Er samkvæmt erindisbréfi FMFV.
7. Er samkvæmt erindisbréfi FMFV.
8. Stefnumótun er í vinnslu og afurðin verður kynnt á fundi sveitarstjórnar fyrir vorið.

Fram fór umræða um málið og síða óskaði minnihluti eftirfarandi bókunar:

„Við undirrituð undrumst þau vinnubrögð sem meirihlutinn hefur viðhaft við endurráðningu í starfið. Við lýsum yfir áhyggjum vegna fordæmisgefandi vinnubragða. Við höfum áður óskað eftir upplýsingum um umrætt starf og þar sem um tímabundið starf var að ræða hefði verið eðlilegt að

málið hefði verið rætt innan sveitarstjórnar.“ Bárður, Hrund og Magnús Þór.

d) Erindi frá fulltrúum Framsóknarfélagsins og óháðra

Erindi, dags. 18. janúar 2015, og varðar tillögu um að haldinn verði íbúafundur fyrir 30. mars nk. varðandi framtíð Selárlaugar.

Fram fór umræða um málefni Selárlaugar þar sem fram kom að hreppsnefnd er sammála um mikilvægi þess að upplýsa íbúa sveitarfélagsins um stöðu laugarinnar og framtíð hennar. Lögð fram breytingartillaga af meirihluta varðandi stöðu Selárlaugar og er svofelld:

Íbúar verði upplýstir um stöðu sundlaugarinnar í Selárdal og íbúafundur haldinn á haustdögum um framtíðarmöguleika á bygging nýrrar laugar.

Borin upp til atkvæða og samþykkt með atkvæðum Eyjólfss, Friðriks Óla, Sigríðar Elvu og Guðrúnar Hildar. Á móti Bárður, Hrund og Magnús Þór.

Síðan var tillaga Framsóknarfélagsins og óháðra borin up. Felld með atkvæðum Eyjólfss, Friðriks Óla, Sigríðar Elvu og Guðrúnar Hildar. Með tillögu voru Bárður, Hrund og Magnús Þór.

Fleira ekki tekið fyrir, fundargerðin lesin upp og hún samþykkt, fundi slitið kl. 17:40.